



# Áveitan

4. tbl. 16. árgangur. Apríl 2022

## Páska Bingó

Föstudaginn 8. apríl í Félagslundi  
Húsið opnar kl 19:00 og  
Bingóið hefst stundvíslega kl. 19:30  
Glæsileg páskaegg í vinning  
Spjaldið kostar 500 kr.

Hlökkum til að sjá ykkur!

*Skemmtinefnd Umf. Þjóttanda*



***Gleðilega páska***



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. [halla@floahreppur.is](mailto:halla@floahreppur.is)  
Oddný Ása Ingjaldsdóttir [odnyasa@floaskoli.is](mailto:odnyasa@floaskoli.is)

845-9719  
865-5692

Kæru íbúar og aðrir lesendur.

Nú er farið að sjá fyrir endann á takmörkunum, skipulagsbreytingum og sérstökum úrræðum vegna Covid 19. Flestir koma heilir frá því verkefni sem vissulega hefur reynt á þolrifin bæði heima og á vinnustöðum. Flóahreppur er heilsueflandi samfélag og íbúar eru vel meðvitaðir um alla þá þætti sem liggja til grundvallar góðri andlegri og líkamlegri heilsu. Það er einlæg ósk mín að við horfum öll til samferðafólksins og bregðumst við ef við skynjum að þetta stóra verkefni hefur gengið nærri einhverjum fjölskyldum eða einstaklingum. Menningarnefnd skipuleggur skemmtilegar samkomur fyrir íbúa, fyrst sveitaball og svo er undirbúningur undir hátíðina „Fjór í Flóa“ kominn á fullt. Í ár verður hún haldin sömu helgi og kosningar til sveitarstjórna 14. maí. Við þurfum að vera dugleg að hittast og virkilega njóta þess að eiga félagsskap með öðrum. Það er svo óendanlega dýrmætt.



### Umhverfismál

Það er gaman að segja frá því að Íslenska Gámafélagið flytur nú allt nýtanlegt rúlluplast úr Flóahreppi til „Pure north“ í Hveragerði til endurvinnslu. Minnt er á að hreint plast og góður frágangur á því er forsenda fyrir því að það nýtist til endurvinnslu. Plast sem ekki er nýtanlegt fer í dýrasta úrvinnsluflokk, óflokkanlegan úrgang, á kostnað sveitarsjóðs. Þá er illa farið með verðmæti sem bændur hafa þegar greitt fyrir með úrvinnslugjaldi sem er innifalið í verði plastsins við innkaup. Árlegt hreinsunaráttak í Flóahreppi verður í maí eins og undanfarin ár. Áætlað er að timbur og járnagámar verði á söfnunarsvæðum dagana 23. – 30. maí. Á sama tíma verður hægt að fá gáma heim á bæi fyrir flokkað endurvinnsluefni ef um mikið magn er að ræða. Athugið að alltaf er gerð krafa um flokkun. Nánar um það í maíhefti Áveitunnar.

Allt árið tekur Starfsstöð ÍGF í Hrísmýri á Selfossi á móti endurvinnsluefni og úrgangi frá íbúum í Flóahreppi á auglýstum opnunartíma.

Við hvetjum ykkur eins og áður til þess að vera dugleg að „þlokka“ á gönguferðunum um sveitina. Umhverfið er allt að þorna eftir mikla vetrarrikskomu, ekkert frost í jörðu, farfuglarnir að mæta á svæðið og gróður að vaka. *Ganga er einhver besta leiðin til þess að ná sér í heilsueflandi hreyfingu.*

## Merkingar

Við hvetjum eigendur nýrra íbúðarhúsa til þess að sækja um bæjarskilti til sveitarfélagsins. [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is). Það er mikilvægt fyrir alla þjónustuaðila að hús séu vel merkt og hjálpar öllum að rata um sveitina. Flóahreppur greiðir fyrir skiltin en Vegagerðin setur þau upp.

## Vinnuskóli Flóahrepps

Vinnuskóli Flóahrepps verður starfræktur frá 7. júní – 22. júlí eða í 7 vikur. Opið er fyrir unglinga sem eiga lögheimili í Flóahreppi. Verkefni eru fjölbreytt, bæði við umhirðu á lóðum og húnæði sveitarfélagsins. Eldri borgarar geta pantað þjónustu við hirðingu lóða heim á bæi. Nánar um það í síma 480 4370.

Nemendur sem voru í 8. – 10. bekk eiga kost á vinnu í 6 vikur frá klukkan 9:00 – 15:00, mánudaga – fimmtudaga. Taka verður eina viku frí í samráði við flokkstjóra, en nemendur sem voru í 7. bekk eiga kost á vinnu í 2 vikur í samráði við flokkstjóra. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu Flóahrepps og á skrifstofu Flóahrepps. Foreldri/forráðamaður þarf að undirrita hana.

Flóahreppur auglýsir eftir flokkstjórum fyrir vinnuskóla Flóahrepps 2022 hér í Áveitu. (sjá auglýsingu)

## Af starfamannahaldi - Krakkaborg og fasteignasvið

Arndís Eiðsdóttir sem hefur sinnt húsvörslu í Félagslundi fer til annarra starfa í vor og auglýsir Flóahreppur því eftir starfsmanni á fasteignasvið/húsverði. Sjá auglýsingu hér í Áveitu. Arndísi eru þökkud góð störf í þágu sveitarfélagsins.

Flóahreppur mun auglýsa starf leikskólastjóra í Krakkaborg nú á vordögum en Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir hefur sagt upp störfum. Guðbjörgu er einnig þakkað fyrir gott samstarf og óskað góðs gengis á nýjum vettvangi.

## Menningarstyrkur Flóahrepps

Minnt er á að skilafrestur vegna Menningarstyrks Flóahrepps er **15. apríl 2022**.

*Sveitarstjórn Flóahrepps og starfsmenn á skrifstofu óska ykkur gleðilegra páska og gleðilegs sumars með kærri þökk fyrir veturinn.*

*Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri*

## Frá ritstjórum Áveitunnar

Eins og fram kom í síðasta tölublaði Áveitunnar, er þetta síðasta Áveitan sem ljósrituð verður og dreift á alla bæi í sveitarfélaginu. Áfram verður hægt að fá blaðið ljósritað og sent heim í áskrift, en árgjaldið verður 3500 kr á ári. Áhugasamir sækja um áskrift hjá ritstjórum Áveitunnar.

Áveitan kemur út á tölvutæku formi á heimasíðu Flóahrepps og Facebook síðu Umf Þjótanda. Einnig er hægt að fá blaðið sent í gegnum tölvupóst. Þeir sem vilja láta bæta sér á netfangalistann eru beðnir um að senda póst á ritstjóra.

## *Húsvarsla í félagsheimilum Flóahrepps*

### **Starfskraftur óskast í hlutastarf á fasteignasvið Flóahrepps**

- Helstu verkþættir eru:
- húsvarsla og ræstingar félagsheimila
- umsjón með lóðum
- undirbúningur vegna viðburða
- þrif og frágangur eftir notkun

Leitað er að starfsmanni sem kemur til með að starfa með og undir stjórn núverandi húsvarðar í Þingborg. Vinnan fer fram í Þingborg og Félagslundu eftir pöntunum á hverjum tíma.

Hæfniskröfur:

- bílpróf
- stundvísi
- góð færni í mannlegum samskiptum
- áreiðanleiki
- snyrtimennska
- almenn tölvukunnátta
- einhver enskukunnátta

Leitað er að metnaðarfullum og jákvæðum starfskrafti sem þarf að sýna, sveigjanleika og lipurð í samskiptum. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum.

Umsóknarfrestur er til 10. apríl. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefa Ingibjörg Einarsdóttir húsvörður í Þingborg sími 691 7082 og Eydis Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri, sími 486-4370, netföng [felagsheimili@floahreppur.is](mailto:felagsheimili@floahreppur.is) eða [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)

Umsóknir um starfið ásamt starfsferilskrá, og meðmælum, berist Flóahreppi, Þingborg 803 Selfoss eða á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is) merkt „Fasteignasvið“

Óskað verður eftir sakavottorði, verði af ráðningu.

### **Flöskusöfnun-flöskusöfnun-flöskusöfnun**

Kæru sveitungar.

Nemendur 10. bekkjar í Flóaskóla eru að safna fyrir útskriftarferð og ætla að vera á ferðinni í sveitinni að safna flöskum síðusta dagana í apríl.

Þökkum stuðninginn hingað til!

10. bekkur Flóaskóla.

## Fréttir af skólastarfi

Skólastarfið hefur verið ansi líflegt síðustu vikur og greinilegt að samfélagið er að taka við sér eftir miklar takmarkanir undanfarin misseri. Haldin var öskudagsskemmtun sem gerði góða lukku, nemendur og starfsmenn mættu í alls kyns búningum og slógu köttinn úr tunnunni.



Um miðjan mars fóru nemendur 7. bekkjar í Skólabúðirnar á Reykjum þar sem þau tókust á við alls kyns verkefni og áskoranir. Heim komu þreyttir en glaðir nemendur með fulla vasa af góðum minningum.

Einn af föstu þáttunum í starfi 2. bekkjar er að fá Tónlistarskóla Árnesinga í heimsókn með hljóðfærakynningar. Að þessu sinni fengu krakkarnir kynningu á blásturshljóðfærum og höfðu nemendur gaman af.

Þriðja hvert ár er PISA könnunin er lögð fyrir nemendur á 16. aldursári. PISA er umfangsmikil alþjóðleg könnun á þekkingu og færni nemenda í náttúrufræði, stærðfræði og lesskilningi. Einnig var lögð áhersla á skapandi hugsun sem reyndi á hugmyndaflugið í hönnun og skapandi skrifum og vísindalegum lausnum. Könnunin er á vegum OECD og er lög fyrir í 88 löndum. Nemendurnir okkar í 10. bekk lögðu sitt af mörkum við upplýsingaöflunina og vörðu þremur klukkutímum í að svara fjölbreyttum spurningum.

Starfskynningar standa nú yfir hjá 9. og 10. bekk þar sem þau eru að kynna sér margvísleg störf til að undirbúa sig fyrir náms- og starfsval fyrir framtíðina. 9. bekkur velur vinnustað í nærsamfélaginu og á Selfossi en nemendum 10. bekkjar býðst að heimsækja vinnustaði lengra frá. Gaman er að segja frá því að móttökurnar sem nemendur fengu hjá þeim fyrirtækjum sem leitað var til voru frábærar og mátti sjá áhuga nemenda speglast í vali þeirra á vinnustöðum.

Bestu kveðjur frá nemendum og starfsmönnum Flóaskóla





## **Fjölskyldu og menningarhatíðin Fjör í Flóa fer fram 13.-14. maí.**

### Lumar þú á:

Smáum eða stórum dýrum?

Gömlum landbúnaðartækjum eða dráttarvélum?

Fallegu handverki?

Afurðum beint frá býli?

Skemmtilegum hugmyndum?

Hugmynd af fallegri gönguleið í Flóahreppi?

Langar þig að hafa opið hús?

Hlökkum til að heyra frá þér

Rúnar S: 898-1535

Sigrún S: 862-157

Oddný Ása S: 865-5692

Finndu okkur á Facebook- Fjör í Flóa og Instagram- Menning í Flóa

## **Flokkstjórar í vinnuskóla Flóahrepps**

### **Sumarstarf og útivera í Flóahreppi 2022**

Flóahreppur óskar eftir að ráða flokkstjóra í vinnuskóla Flóahrepps.

Leitað er að öflugum einstaklingum sem eiga auðvelt með samskipti og hafa gaman af því að starfa með unglíngum og ungmönnum. Flokkstjórar undirbúa verkefni vinnuskólans ásamt umsjónarmanni fasteigna og starfa einnig með húsvörðum í fasteignum sveitarfélagsins. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af starfi með unglíngum og ungmönnum.

Vinnuskólinn starfar í 7 vikur frá 7. júní – 22. júlí en starfstími

flokkstjóra getur orðið allt að 2 vikum lengri við slátt og aðra umhirðu á lóðum sveitarfélagsins.

Umsóknir ásamt ferilskrá og sakavottorði berist skrifstofu Flóahrepps fyrir 7. apríl 2022 á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is) Nánari upplýsingar í síma 480 4370.

## Aðalfundur Skógræktarfélags Villingaholtshrepps.

Aðalfundur skógræktarfélagsins verður haldinn mánudagskvöldið 11. apríl n.k. í Þjórsárveri kl. 20:00. Á meðal hefðbundinna fundarstarfa verður einnig rætt um uppbyggingu aðstöðu við Skagás, afmælishátíð, aukið fræðslustarf og farið yfir lög félagsins. Félagsmenn og áhugasamir eru hvattir til að koma og taka þátt í starfi félagsins og móta áherslur félagsstarfsins.

Varaformaður félagsins, Lena Eriksson, hyggst segja af sér á komandi aðalfundi. Þau sem hafa áhuga á að bjóða sig fram í hennar stað mega gjarnan hafa samband við Erlu Björg Aðalsteinsdóttur (s: 849 0502).

Skógræktarfélagið minnir á að þeir félagsmenn sem vilja fá plöntur hjá félaginu geta sent inn pöntun, einnig til Erlu eða á facebook-síðu skógræktarfélagsins. Ekki eru komnar upplýsingar um hvaða plöntur félaginu verður úthlutað. Gert er ráð fyrir að afhending verði í júní að venju.

## RORUM

Rannsóknir og ráðgjöf  
í umhverfis-  
og byggðarmálum



- Hnitsetning landamerkjia
- Afmörkun nýrra lóða
- Mæliblöð, uppdrættir og lóðablöð
- Túnakortlagning og aðrar greiningar

**Rorum.is – 577-3337/837-6177 – ah@rorum.is**

## 44. Flóahlaupið 2022

Flóahlaupið verður haldið laugardaginn 9.apríl við Félagsslund. Ræst verður kl 13.00. Keppt verður í 3, 5 og 10 km hlaupi. Skráning fer fram á [hlaup.is](http://hlaup.is) en félagsmenn í Umf. Þjótanda borga ekki þáttökugjöld og eiga þar að leiðandi að skrá sig á staðnum- mæta þá tímalega.

Kaffiveitingar verða venju samkvæmt í boði í Félagsslundi eftir hlaupið.

Hvetjum við sem flesta til að taka þátt. Stjórnin



### Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Þar sem fresta þurfti aðalfundi í mars boðum við til fundar aftur þann 7.apríl kl. 19 í Þjórsárveri.

Kaffikonur: Didda, Obba, Vala og Sólveig

Nýjar konur velkomnar á fundinn til kynningar og/eða inngöngu í félagið.

Stjórn Kvenfélags Villingaholtshrepps

### Messur um páska í Hraungerðis-, Laugardæla og Villingaholtskirkjum

14. apríl – skírdagur. Hátíðarguðspjónusta í Laugardælakirkju kl. 13:30.

17. apríl – páskadagur. Hátíðarguðspjónusta í Hraungerðiskirkju kl. 13:30. Hátíðarsöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar sungnir.

18. apríl – annar páskadagur. Hátíðarguðspjónusta í Villingaholtskirkju kl. 13:30 Hátíðarsöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar sungnir



# Frá Hrossaræktarfélagi Flóahrepps

## Framhaldsaðalfundur

Framhaldsaðalfundur Hrossaræktarfélags Flóahrepps verður haldinn fimmtudaginn 7. apríl 2022 í Þingborg klukkan 20:30. Þar sem aðalfundur sem boðað var til 24. mars 2022 var ekki lögmætur vegna þess að ekki mættu til fundar samkvæmt lögum félagsins (4. gr.) nægilega margir félagsmenn, en það hefðu þurft að mæta 1/6 hluti félagsmanna (23 félagsmenn) til að hann hefði talist vera lögmætur en einungis mættu 13 félagar. Er hér með boðað til aðalfundar að nýju og verður hann þá lögmætur án tillits til fjölda fundarmanna samkvæmt lögum félagsins.

Dagskrá fundar eru venjulega aðalfundarstörf auk lagabreytinga sem boðað var til í fyrra fundarboði. En þetta eru breytingar á 4. gr og ný 9. gr. auk breytinga á númerum greina 10. til 12.

Stærsta breytingin sem á að gera á lögum félagsins er að breyta mætingar hlutfalli félagsmanna á aðalfund úr 1/6 hluta í 1/10 hluta sem merkir að við þá breytingu fer fjöldi þeirra sem þurfa að mæta á fund úr 23 félagsmönnum samkvæmt nýjasta félagatali, í að þurfi að mæta 13 manns. Einnig eru þarna orðalagsbreytingar í þeirra sömu grein laganna. Þá er tillaga að setja inn nýja grein sem fær heitið 9. gr. og fjallar um heimildir stjórnar til að taka til á félagatali og rétt til verðlauna.

Félagar er hvattir til að mæta á aðalfund og vera virkir í mótun félagsins, en aðalfundur er sá vettvangur sem félagsmenn hafa til að hafa áhrif á starfsemi félagsins og koma sjónarmiðum sínum til stjórnar félagsins.

Félagið er með heimasíðu og facebook síðu þar sem betur er farið yfir tillögur að lagabreytingu sjá <https://hrossaraektarfelagfloa.wordpress.com/>

Nýir félagar velkomnir.

Þá er ætlunin að fara í skemmtiferð í apríl sem rædd verður á aðalfundinum.

Stjórn HRRF

## Víðavangshlaup Umf. Þjótanda á sumardaginn fyrsta

Loksins, loksins getum við haldið Víðavangshlaup Þjótanda á ný. Það verður haldið á Þjórsárþökkum á sumardaginn fyrsta, 21. apríl og hefst kl 11. Skráning fer fram á staðnum frá kl 10:30.

Hlaupið hefst við afleggjarann að Árprýði eins og venjulega, en mun ljúka á nýjum stað vegna breyttra aðstæðna á svæðinu. Vegalendin verður 1-2 km.

Í lokin verður öllum keppendum boðið upp á þátttökuverðlaun og kókómjólk, en sigurvegarar í karla- og kvennaflokki fá farandverðlaunagrip.

Fögnum sumri á heilsueflandi hátt, hlaupið hentar fyrir fólk á öllum aldri og hver fer á sínum hraða. Við vonumst til að sjá sem allra flesta og af öllu félagssvæðinu.


Stjórn Þjótanda

Tek að mér áburðardreifingu með tölvustýrðum GPS áburðardreyfara, tek einnig að mér slátt 7 metra vinnslu breidd ásamt annari verktöku. Endilega hafið samband ef þið viljið nýta ykkur þessa þjónustu. Victor Örn S. 789-7675





D	P	Á	S	K	E	M	E	L	A	S	Ú	R	E	J	
Y	Í	P	Á	S	K	A	V	I	K	U	D	Y	E	M	
M	I	N	N	Á	R	T	E	L	J	E	S	S	Í	B	
B	K	O	N	U	N	G	U	M	S	J	Ú	E	S	I	
I	O	Ð	H	V	Í	L	D	U	A	M	A	N	R	L	
L	P	G	F	Y	R	S	T	I	L	K	S	Í	Æ	V	
V	N	P	M	U	N	I	E	R	G	A	M	L	Á	P	
I	S	Á	M	I	N	N	I	N	G	A	R	L	Á	G	
K	K	S	K	L	O	P	P	I	E	M	K	S	E	A	
U	Í	<b>Pálmasunnudagur</b> er sunnudagurinn fyrir páska, og <b>fyrsti</b> dagur <b>dymbilviku</b> . Hann er til <b>minningar</b> um það þegar fólk veifaði <b>pálmagreinum</b> og fagnaði <b>Jesú</b> á leið hans inn í <b>Jerúsalem</b> . Þannig var <b>konungum</b> fagnað. <b>Skírdagur</b> , föstudagurinn langi og <b>hvíldardagur</b> eru síðustu þrjú dagarnir fyrir <b>páskadag</b> , sem er upphafsdagur <b>páskaviku</b> .												L	D
É	R													A	U
T	D													M	N
U	A													R	G
N	G													Í	A
N	U													K	D
U	R													S	A
S	L													O	K
A	Á													G	S
M	P	H	V	Í	L	D	A	R	D	A	G	U	R	Á	
R	U	G	A	D	U	N	N	U	S	A	M	L	Á	P	



Getur þú fundið **feitletruðu** orðin í orðasúpunni? Þau eru ýmist falin aftur á bak, áfram, upp, niður eða á ská.



## Málefnafundur

Framfaralistinn boðar til opins málefnafundar í Þjórsárveri, miðvikudaginn 6. apríl n.k. klukkan 20:00.

Íbúar eru hvattir til að fjölmenna og ræða við frambjóðendur um málefni sveitarfélagsins.

Framfaralistinn

## Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing eldri í Félagslundi	4. apríl
Glímuæfing yngri í Félagslundi	5. apríl
Æfingar í Þingborg	5. apríl
Málefnafundur Framfaralistans	6. apríl
Framhaldsaðalfundur Hrossaræktarfélags	7. apríl
Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	7. apríl
Páskabingó Umf Þjótanda	8. apríl
44. Flóahlaupið	9. apríl
Aðalfundur Skógræktarfélags Villingah.hr.	11. apríl
Glímuæfing eldri í Félagslundi	11. apríl
Glímuæfing yngri í Félagslundi	12. apríl
Æfingar í Þingborg	12. apríl
Hátíðarguðsþjónusta í Laugardælakirkju	14. apríl
Hátíðarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju	17. apríl
Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju	18. apríl
Glímuæfing yngri í Félagslundi	19. apríl
Æfingar í Þingborg	19. apríl
Víðavangshlaup á Þjórarárbökkum	21. apríl
Glímuæfing eldri í Félagslundi	20. apríl
Glímuæfing yngri í Félagslundi	26. apríl

